





Fossvogsblettur 2 og 2A – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa / SM

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. október 2024 var lögð fram fyrirspurn Eignasjóðs Reykjavíkurborgar um breyta megi núverandi deiliskipulagi þannig að framtíðar byggingareitur og núverandi byggingareitur verði sameinaðir í einn til þess að minnka vegalengd frá bílastæði að nýju húsi. Einnig er spurt hvort hægt sé að hafa vörumóttöku og sorp á austanverðri lóðinni til að inngangur nýrrar byggingar verði aðskilinn frá umferð stærri ökutækja.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á borgarhluta 5 – Háaleiti – Bústaðir, og er hluti af opnu svæði, OP24.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag leikskólalóðar að Fossvogsbletti 2 og 2A, samþykkt í borgarráði 26. september 2024.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á sameiningu byggingareita svo bygging geti verið norðan til í lóð og nær bílastæðum og jafnframt álitni hans á aðkomu þjónustubíla austast á lóð svo hægt sé að aðgreina umferð þeirra frá umferð notenda.

Leitað var álit skrifstofu samgangna og borgarhönnunar sem gerði ekki athugasemdir við sér innkeyrslu fyrir þjónustubíla svo lengi sem komist væri hjá því að þeir þyrftu að bakka.

Skipulagsfulltrúi gerir ekki athugasemdir við sameiningu byggingarreita.

Niðurstaða

Jákvætt er tekið í að fyrirspyrjandi láti vinna breytingu á deiliskipulagi á eigin kostnað.



Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Maack, arkitekt / verkefnastjóri